

Nr. 22-11 S 068 Hákon EA 148***Maður slasast á togþilfari***

Skipaskr.nr. 2407 IMO nr. 9212357
Smíðaður: Stál, ASMAR SHIPYARD Chile, 2001
Stærð: 3003 BT.
Mesta lengd: 76,2 m Skráð lengd: 65,95 m
Breidd: 14,4 m Dýpt: 9,6 m
Vél: MaK, 5400 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 24

Gögn:

Sjúkratryggingar Íslands
Gögn RNSA



Hákon©Hilmar Snorrason

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. maí 2022 var Hákon EA 148 á kolmunaveiðum. Veður: Blíðviðri.

Skipverjar voru að hífa inn trollið og var búið að lása úr hlerum og verið að hífa í grandarana. Tveir staurar voru til að halda gröndurunum í sundur og fór einn skipverjinn inn í miðjuna, milli grandaranna, til að vera tilbúinn að lása lóðunum úr bakborðsmegin. Slóst þá annar grandarinn til og í öxl skipverjans. Skipverjinn kláraði túrinn en leitaði síðan til læknis og kom þá í ljós að hann hafði axlarbrotnað.

Við rannsókn kom fram:

Vírarnir (grandararnir) lágu yfir kefli á milli staura en gátu færst um einn meter. Ekki voru rásir í keflinu.

Skipverjinn, sem var reyndur sjómaður, fór ekki til læknis fyrr en einum og hálfum mánuði eftir atvikið þar sem hann var áfram verkjaður.



Mynd 1

Staurar sem settir voru niður þegar veiðarfæri var tekið til að koma í veg fyrir að grandarar sláist til og stýra þeim inn á tromlur.

Myndin er ekki frá Hákonni en virknin sú sama

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. september 2023 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.